# GJALDSKRÁ

**vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 2002.**

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 2002, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. maí 2002 með eindaga 1. júní 2002, verða sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | | *Röntgenskoðunartæki:* | kr. |
| | a) | Föst tæki - myndataka | 14.200 |
| | b) | Föst tæki - skyggning | 19.850 |
| | c) | Tölvusneiðmyndatæki | 28.350 |
| | d) | Aukalampar | 4.000 |
| | e) | Færanleg tæki - myndataka | 11.350 |
| | f) | Færanleg tæki - skyggning | 14.750 |
| | g) | Tannröntgentæki | 8.500 |
| | h) | Tannröntgentæki - aukatæki | 4.250 |
| | i) | Iðnaðarröntgentæki | 12.500 |
| | j) | Dýralækningaröntgentæki | 12.500 |
| 2. | | *Geislalækningatæki* | 19.850 |
| 3. | | *Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem opnar lindir eru notaðar* | 17.000 |
| 4. | | *Geislavirk efni, litlar lokaðar lindir, lindir í skólum, fyrir hvern stað* | 9.100 |
| 5. | | *Önnur geislatæki:* | |
| | a) | Nifteindatæki | 34.000 |
| | b) | Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1-4: | |
| | | 1) Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað | 9.100 |
| | | 2) Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað | 4.550 |
| 6. | | *Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.* | |
| | a) | Filmumælingar, fyrir hverja filmu | 453 |
| | b) | TLD-mælingar, fyrir hverja flögu | 1.150 |

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, *má* flokka annað tækið sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 11.300. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.300.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 28.300. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 18. gr. laga nr. 117/1985 um Geislavarnir ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 2002.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. mars 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*